


# Rím og hljóðkerfi, nýjar athuganir

Rask ráðstefna 28. janúar 2023

PhD Þorgeir Sigurðsson



# Hverju breyta nýjar athuganir um rím og hljóðkerfi?

Þetta er kennsluefni ,tutorial' um nýjar greinar um uppruna ríms og um hljóðkerfi Norrænu. Sérstaklega er fjallað um eftirfarandi greinar:

**2021.** Þorgeir Sigurðsson. Haustlǫng. How rhyme and syntax interact in early Old Norse dróttkvætt. *Íslenskt mál 43*, 13–32.

**2023.** Þorgeir Sigurðsson. How inaccurate rhymes reveal Old Norse vowel phonemes. *Mál og Minne*, líklega vorhefti.

# Nýlegar greinar um dróttkvæðan hátt

- **2023.** Þorgeir Sigurðsson. How inaccurate rhymes reveal Old Norse vowel phonemes. *Mál og Minne*, líklega vorhefti. A peer reviewed article
- **2006.** Haraldur Bernharðsson. Göróttur er drykkurinn. Fornmálsorð í nútímabúningi. *Gripla 17*, 37–73. A peer reviewed article
- **1963.** Hreinn Benediktsson. Phonemic Neutralization and Inaccurate Rhymes. *Acta Philologica Scandinavica* 26,1-18. A peer reviewed article
- **2016.** Þorgeir Sigurðsson. Tvískelfdur háttur og Rekstefja. *Són* 14: 37–74. A peer reviewed article.
- **2021.** Þorgeir Sigurðsson. Haustlǫng. How rhyme and syntax interact in early Old Norse dróttkvætt. *Íslenskt mál* 43, 13–32. A peer reviewed article
- **2001.** Þorgeir Sigurðsson. Rímstuðlar - Um tengsl ríms, atkvæðaskiptingar og stuðla í íslenskum skáldskap. *Íslenskt mál* 23: 215–227. Var birt sem *fluga*.
- **2016.** Þorgeir Sigurðsson. The alliterative, rhythmic and stanzaic constraints on verbs in dróttkvætt lines. *Approaches to Nordic and Germanic Poetry*: 257–278. In Kristján Árnason, Stephen Carey, Tonya Kim Dewey, Haukur Þorgeirsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórhallur Eypórsson. Institute of linguistics, University of Iceland, Reykjavík. A peer reviewed book-chapter

# Tölum fyrst um orðið rím.

Okkur er óhætt að tala um rím í dróttkvæðum, þótt Snorri Sturluson hafi ekki gert það. Orðið hending er ekki betur skilgreint en orðið rím.

Snorri talaði um **aðalhendingar** (heilrím) og **skothendingar** (hálf rím, samhljóðarím)

Dæmi í Háttatali um **aðalhendingu** er: **friðrofs : ofsa**

Dæmi um **skothendingu** er: **jörð : fyrðum**

Snorri útskýrði ekki eiginleika hendinga. Hann sagði t.d. að í runhendum hætti væru aðalhendingar, sem við myndum kalla endarím (kvenrím eða karlrím), t. d.: **fjörum: gunnörum.**

# Tölum um hvernig hlutir þróast. Okkur er samt að hugsa eins og Snorri gerði í Snorra-Eddu:

## Áður var óregla í dróttkvæðum

Í sumum línum voru aðalhendingar, í öðrum skothendingar, stundum vantaði hendingar.

Snorri lýsti óreglulegum kveðskap kveðskap í Snorra-Eddu.

## Svo varð regla

Eingöngu aðalhendingar í jöfnum línum.

Eingöngu skothendingar í oddalínum.

Snorri Sturluson í Snorra-Eddu lýsti „réttum“ dróttkvæðum hætti eins og hann notaði sjálfur um 1200.

# Tölum næst um tvö elstu kvæðin – auðvitað er þetta kjánalegt

## **Ragnarsdrápa um 850 - Óregluleg**

Atkvæðafjöldi er reglulegur.

Skipting í vísuhelminga er regluleg.

Stundum er rím í miðju vo. í stað enda.

Stundum er skothending í stað aðalhendingar.

Stundum er ekkert rím í stað skothendingar.

Stundum eru áherslulaus atkvæði í byrjun jafnra lína.

## **Haustlöng um 900 - Næstum regluleg**

Stundum er ekkert rím í þar sem eiga að vera skothendingar.

Aðalhendingar eru með ónákvæmu rími: *a:ɔ, ja:jɔ*.

Í kveðskap Snorra um 1200 er hinsvegar engin óregla og ekkert ónákvæmt rím.

Fremur en „þróun til reglu“ segjum við að nýjar einingar hafi smám saman bæst við bundið mál.

- |                     |                          |
|---------------------|--------------------------|
| 1) Hrynjandi        | Sam Indó-evrópskt        |
| 2) Stuðlar          | Sam-germanskt            |
| 3) Samhljóðarím     | Í kveðskap Braga         |
| 4) Heilrím          | Varð til í Haustlög      |
| 5) Erindaskiptingar | Þær sjást á Röksteininum |

# Nánar um rím og stuðla:

Augljós líkindi eru með stuðlum og rími, sem atkvæðaskipting sýnir:

**Of.si**

**Á.i**

**Ká.tir**

**Á.sta**

**2001.** Þorgeir Sigurðsson. Rímstuðlar - Um tengsl ríms, atkvæðaskiptingar og stuðla í íslenskum skáldskap. *Íslenskt mál* 23: 215–227. Var birt sem *fluga*.



# Tölum næst um erindaskiptingar

## Röksteinninn frá 9. öld


### Réð Þjóðríkr

hinn þormóði,  
stillir flotna  
ströndu Hreiðmarar

### Sitr nú görr

á gota sínum  
skildi of fatlaðr  
skati mæringa

Setningaskipan  
fyrir „upphaf  
máls“skiptir í  
vísuhelminga,  
erindi



# Nánar um línur sem skipta kveðskap í einingar (upphaf máls)

- 1) Með umsögn, sem er ekki aftar en í 4. bragstöðu,
  - 2) eða Hefjast á samtengingu (undirskipaðri setningu).
  - 3) Sögn í aðalsetningu þarf að vera í 1. eða 2. stöðu setningar.
  - 4) Umsögn má ekki hafa stuðul (nema hún standi fremst) eða sé undirskipuð.
- Þetta er snúið en engar undanþágur eru leyfðar

**2016.** Þorgeir Sigurðsson. The alliterative, rhythmic and stanzaic constraints on verbs in dróttkvætt lines. ***Approaches to Nordic and Germanic Poetry***: 257–278. In Kristján Árnason, Stephen Carey, Tonya Kim Dewey, Haukur Þorgeirsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórhallur Eypórsson. Institute of linguistics, University of Iceland, Reykjavík. A peer reviewed book-chapter.

# Í Haustlög frá um 900 kemur heilrík fyrir í fyrsta skipti!

- Í Haustl. er alrík ekki skyldubundið í línum með upphafi máls (línum sem gætu skipt kvæðum í erindi). Sama regla gildir í öðrum kvæðum frá 10. öld.
- Í Haustlög er rík fastbundið í næsta öftustu stöðu.
- Höfuðstafur er alltaf fremst í vo.
- **Í kvæðinu er engin óregla nema í kvæðinu er „ónákvæmt rík“**

## Erindi 10

- Urðut bjartra borða
- byggvendr at þat hryggvir:
- **þá vas lö- með jötnum**
- -unnr nýkomin sunnan.
- **Gerðusk allar áttir**
- Ingvi-Freys at þingi
- (váru heldr) ok hárar
- (hamljót regin) gamlar

# Í Ragnarsdrápu frá 9. öld er skyldubundið hálfrím

- Í jöfnum vísuorðum þarf að vera rím á milli atkvæði.
- Fjórða hvert vo. þarf að hafa upphaf máls (vera erindalína).
- Í Ragnarsdrápu er ekki búið að fastbinda staðsetninga á rími í vo.
- eða höfuðstaf fremst í vo.
- **Í kvæðinu er engu að síðu engin óregla**

# Nánar um rímið í Haustlöng:

**2021.** Þorgeir Sigurðsson. Haustlöng. How rhyme and syntax interact in early Old Norse dróttkvætt. *Íslenskt mál* **43**, 13–32.

# Af hverju má sleppa hálfrími í línunum með upphafi máls í (erindalínum)?

Í greininni um Haustlöng (2021) lagði ég til að Þjóðolfr hefði ekki viljað gera óhóflegar kröfur til vísuorða í erindalínum.

Hér bendi ég á, til samanburðar og til stuðnings, að í tvískelfdum hætti er krafan um erindalínur lögð til hliðar.

Tvískelfdur háttur gerir gríðarlegar kröfur til oddatölu vísuorða: Þau urðu að hafa stuðla í 1. og 3. bragstöðu og rím í 1. eða 2. bragstöðu. Fyrstu þrjár bragstöður þurftu að hafa þung atkvæði (venjulega í nafnorði/ ekki sagnir).

# Rekstefja, erindi 4

- **Fémildir fylkir vildi**  
firna mǫrg ok hǫrga  
**blóthús brenna** láta;  
bað heiðin goð meiða.  
**Siðvandr síðan kenndi**  
sannhróðigr trú góða  
**herlundr hǫlða** kindum.  
Hann vas ríkstr konungmanna.

Hér, eins og annars staðar í tvískelfdum hætti eru reglur um setningaskipan brotnar.

Erindaskipting er með rekstefi.

# Nánar um tvískelfdan hátt:

**2016.** Þorgeir Sigurðsson. Tvískelfdur háttur og Rekstefja. **Són** 14: 37–74. A peer reviewed article.



# Var alrímið sem kynnt var í Haustlöng reglulegt?

Hreinn Benediktsson taldi að tvö sérhljóð gætu rímað ef þau væru jafngild í einhverju hljóða-umhverfi og að þau væru hljóða-nágrannar.

Þetta gildi um rímið  $a : \varnothing$  og um rím milli nefjaðra og munnkveðinni sérhljóða.

*$a : \varnothing$  eru jafngild í rími ef í næsta atkvæði er  $u$ .*

*nefjuð og munnkveðin sérhljóð eru jafngild í nágrenni  $m$  eða  $n$*

# Kenning Hreins tengir saman rím og hljóðkerfi

Með kenningu sinni gaf Hreinn hljóðkerfislega skýringu á ónákvæmu rími („phonemic explanation“).

Það má orða kenningu hans þannig:

Sérhljóð sem eru ekki fyllilega aðskilin hljóðkerfislega eru ekki heldur fyllilega aðskilin í rími.

Er þetta ekki nákvæmlega það sem við helst vildum hafa?

# Nánar um rímkenningu Hreins:

**1963.** Hreinn Benediktsson. Phonemic Neutralization and Inaccurate Rhymes. ***Acta Philologica Scandinavica*** 26,1-18.

# Kenning Hreins nær ekki aðeins til u-hljóðvarps og nefhljóða –sbr. rísandi tvíhljóð.

Rím í Höfuðlausn Egils  
frá um 950:

2. Buðumk hilmir **lǫð**,  
þar ák hróðrar **kvǫð**,  
berk Óðins **mjǫð**  
á Engla **bjǫð**;  
4. Óx hjǫrva **glǫm**  
við hlífar **þrǫm**,

10. Rauð hilmir **hjǫr**,  
þar vas hrafna **gjǫr**\* var áður **ø eða ǫ**  
fleinn hitti **fjǫr**,  
flugu dreyrug **spjǫr**;  
17. mjǫk's hǫnum **fǫl**  
haukstrandar **mǫl**;  
glaðar flotna **fjǫl**  
við Fróða **mjǫl**.  
20. kannk mála **mjǫt**  
of manna **sjǫt**;

\*[4] **2006**. Haraldur Bernharðsson. Göróttur er drykkurinn. Fornmálsorð í nútímabúningi. *Gripla 17*, 37–73.

# Skoðum rím rísandi tvíhljóða

Á 10. öld rímuðu *a* og *ja* ekki fyllilega saman, og *ó* og *jó* rímuðu alls ekki saman.

Í Haustlög eru tvö eftirfarandi vísuorð:

- 1) leik- **blaðs** -reginn **fjað**rar
- 2) Hildar **vetts** ok **þjaza**.

# Rím a : ja og ó : jó á 11. öld

Á 11. öld rímuðu *a* og *ja* ágætlega saman, en *ó* og *jó* rímuðu næstum aldrei saman. Af hverju er þessi munur?

Það er munur á þeim varðandi jafngildi.

*jó* og *ó* eru ekki jafngild í *ljón* og *lón*, *rjóða* og *róða*. Auk þess er hvorki til *vó-* né *vjó-*. /jó/ og /ó/ eiga sér ekki jafngildisumhverfi eins og /ja/ og /a/

*Varða* (ekkert *vjarða*), *lama* (ekkert *ljama*), *rani* (ekkert *rjani* (og til viðbótar *blað* og *bljað* o.s.frv.)

# Meira um ónákvæmt rím

**2023.** Þorgeir Sigurðsson. How inaccurate rhymes reveal Old Norse vowel phonemes. ***Mál og Minne***, líklega vorhefti.

# Var einhver á undan Þjóðólfi ór Hvini með rím?

Vísan er með flétturími, en að auki regluleg skv. dróttkvæðahefðinni

- unz hrynsævar **hræva**
- hund ǫl-Gefnar fundu
- leiðipír ok **læva**
- lund ǫl-Gefnar bundu.

< **hér er rím! (þf. og þgf. þý)**



Við megum vera stolt af: 😊

- Þjóðolfi ór Hvini
- Fyrstu málfræðiritgerðinni
- Snorra
- Agli
- Hreini

# Enska rímkvæðið? Gosforth fishing

Er líklegt að enska rímkvæðið sé eldra en Höfuðlausn?

Heldur einhver að steinarnir í Gosforth séu ekki norrænir?

*Goðafræði Norðmanna og Íslendinga eftir heimildum.*  
Híð íslenska bókmentafjelag, Reykjavík. Bls. 63.  
Steinninn er í Kumbríu.

